


Reynsluakstur Chevrolet Captiva
Jaguar Smíðar smábíla eingöngu úr áli
Þýskar bílasölur mótmæla netsölu á BMW i3

BÍLAR

ÞRIÐJUDAGUR 30. JÚLÍ 2013



Subaru BRZ 2013

Þessi nýi bíll sem Subaru smíðaði með Toyota og heitir Toyota GT-86 hjá þeim er margverðlaunaður bíll á sinni stuttu ævi og var kosinn bíll ársins víða. Hann er eins og allir bílar Subaru frekar ódýr þrátt fyrir að hafa frábæra akstursgetu. Aflið er ekki eins mikið og í mörgum öðrum sportbílum, en þeim mun betur liggur hann. Vélin er 2,0 lítra Boxer, 200 hestöfl og liggur mjög neðarlega í bílnum og þyngdarpunktur hans því sérstaklega lágur. Bíllinn er afturhjóladrifinn eins og flestir hreinræktaðir sportbílar og því auðvelt að „drifta“ honum. BRZ er með 6-gíra beinskippingu og það allra besta við bíllinn er að hann kostar aðeins 25.000 dollara í Bandaríkjunum og telst því með allra ódýrustu sportbílum, enda annar Subaru ekki eftirspurninni eftir honum.



Subaru SVX

1991-1997

Þrátt fyrir að þessi sportbíll Subaru hafi alls ekki selst vel er hann af mörgum talinn einn athyglisverðasti sportbíll sem framleiddur hefur verið. Hann þykir búa yfir einstökum aksturseginnleikum og er býsna öflugur. Vélin er 6 strokka Boxer sem skilar 230 hestöflum og hann var aðeins 7,3 sekúndur í hundraðið og hámarkshraðann 248 km/klst. Hann er einn fárra sportbíla sem er fjórhjóladrifinn og sem minnkaði ekki veggríp hans. Hönnun bílsins er nokkuð óvenjuleg fyrir Subaru. Ítalinn Giorgetto Giugiaro teiknaði hann. Aðeins hluta hliðarrúðanna var hægt að skrúfa niður og kannski hamlaði það sölu þessa bíls hversu framúrstefnulegur hann var.



Impreza WRX

1992

WRX var framleiddur upp úr hefðbundinni Impreza og var í raun rallakstursútgáfa bílsins með öflugra vél. Honum var betur fylgt eftir seinna með enn öflugri WRX STI-útgáfu hans. Þrátt fyrir að þetta sé hreinræktaður sportbíll er hann fernra dyra og vel fer um aftursætisfarþega í honum. Hann er að sjálf-sögu fjórhjóladrifinn. Þessi bíll var afar sigursæll í rallaksturskeppnum á árum áður og er enn mikið notaður í slíkum keppnum. Þessi öflugri sportbíll er einn fárra slíkra sem ávallt hefur verið á viðráðanlegu verði og hefur verið vinsæll hjá yngri öikumönnum sem ekki hafa efni á Porsche eða öðrum dýrum sportbílum.

SUBARU 60 ÁRA

Fuji Heavy Industries hefur nú smíðað Subaru-bíla í sex áratugi. Forvitnilegt er að skoða þá fimm bíla Subaru sem öðrum fremur hafa markað stefnu fyrirtækisins við smíði bíla sinna.

Subaru 360

1958-1971

Þessi bíll var smíðaður með sömu grunnhugsun og Volkswagen Bjallan og Ford Model T. Hann átti að höfða til fjöldans og vera ódýr, enda þjóðin í sárum eftir stríðið. Hann er því frekar lítill bíll. Vélin í honum er hvorki stór né öflug, með sprengirými upp á 360cc og þaðan kemur nafn bílsins. Vélin er tveggja strokka, loftkæld og er aftur í bílnum. Í fyrstu gerð bílsins var hann 16 hestafla en öflugasta gerð hans, sem framleidd var á síðustu árum hans, var 36 hestöfl. Bíllinn vóg aðeins 410 kíló. Framleidd voru 392.000 ein-tök af honum á 13 árum. Hann var svo leystur af hólmi með Subaru R-2 bílnum.



Subaru Brat

1978-1993

Þessi tveggja dyra netti pallbíll er fjórhjóladrifinn og sýndi hvers var að vænta frá Subaru í framtíðinni. Margt var óvenjulegt við þennan bíl, ekki síst sætin sem voru á pallinum og sneru aftur. Ekki verður sagt að fyllsta öryggis hafi verið gætt fyrir þá farþega sem þar sátu, en höfuð þeirra náði upp fyrir þak bílsins og engin var veltigrindin þar fyrir ofan. Nafnið BRAT merkti ekki „óþekkur krakki“ heldur Bi-Drive Recreational All-Terrain Transporter. Þessi bíll er enn þá eins og úr framtíðinni og þar Subaru gott vitni um framúrstefnulega hönnun.

Plasthlífar
á húdd, glugga og ljós

FÁANLEGAR
Á FLESTAR TEGUNDIR
FÓLKSBÍLA OG JEPPI

EGR

ARCTIC TRUCKS
arctictrucks.is



Kletthálsi 3 | 110 Reykjavík | sími 540 4900 | www.arctictrucks.is



PORSCHE

NOTAÐIR BÍLAR



Verð: 8.490 þús. kr.

VERK
SMIÐJU
ÁBYRGÐ



Porsche Cayenne Turbo | 500 hö

Nýskráður 7.2007 ekinn 73 þús. km.

Leðurinnrétting, sóllúga, lykjalaust aðgengi, 21" álfelgur, rafdrifð dráttarbeisli, simkerfi, hæglokun/opnun á afturhlera, dökkar hliðarrúður að aftan, léttstýri, forhitari með tíma og fjarstýringu, rafdrifin þæginda-sæti, innbyggður bílskúrshurðaðopnari, fjarlægðarvari að framan og aftan, tvöföld miðstöð með loftkælingu o.fl.



Verð: 2.990 þús. kr.

VERK
SMIÐJU
ÁBYRGÐ



Porsche Cayenne bensín | 250 hö

Nýskráður 6.2004 ekinn 92 þús. km.

Samlitur, leðurinnrétting dráttarbeisli, þakbogar, 18" álfelgur, sóllúga, skriðstillir, léttstýri, rafdrifin framsæti, gráir innréttingarlistar o.fl.



Verð: 12.900 þús. kr.

VERK
SMIÐJU
ÁBYRGÐ



Porsche Cayenne Diesel | 550 Nm tog • 245 hö

Nýskráður 6.2011, ekinn 16 þús. km.

Leðurinnrétting, loftpúðaafjöðrun, dráttarbeisli, léttstýri, aðgerðarstýri með hita, þægindasæti, hiti í framsætum, skriðstillir, tvöföld miðstöð með loftkælingu, langbogar með álaferð, burstaðir állistar í innréttingu o.fl.



Verð: 7.990 þús. kr.

VERK
SMIÐJU
ÁBYRGÐ



Porsche Cayenne Turbo | 500 hö

Nýskráður 6.2006, ekinn 100 þús. km.

Leðurinnrétting, panorama sóllúga, lykjalaust aðgengi, hæglokun / opnun á afturhlera, dráttarbeisli, 21" álfelgur, þægindasæti, simkerfi, aðgerðarstýri, dökkar hliðarrúður að aftan, léttstýri, tvöföld miðstöð með loftkælingu, forhitari með tíma og fjarstýringu, rafdrifin þæginda-sæti, innbyggður bílskúrshurðaðopnari o.fl.



Kraftalegur framendi sem sver sig í ætt við aðrar bílgerðir Chevrolet.

RÍKULEGA BÚINN STOR JEPPLINGUR

Eftir 500 kílómetra akstur var eldsneytistankur bílsins enn hálfullur. Hefur batnað við uppfærslu og er enn á góðu verði.

CHEVROLET CAPTIVA

Finnur Thorlacius reynsluekur

Mikið úrval er nú í boði á jepplingum, enda seljast þeir einna best allra bíla og henta að auki einkar vel við íslenskar aðstæður. Sumir þeirra eru mjög vandaðir bílar og svo til öll dýrari merkin bjóða upp á jepplinga. Fyrir þá þarf hins vegar að borga skildinginn og því skiljanlegt að kaupendur horfi einnig mikið til þeirra sem kosta aðeins minna en bjóða samt upp á mikinn búnað og talsvert afl. Einn þeirra er Chevrolet Captiva sem í boði hefur verið í nokkur ár hjá Bílabúð Benna, en býðst nú nýlega uppfærður. Captiva hefur frá upphafi verið nokkuð ríkulega búinn bíll sem fengist hefur á góða verði. Hann er nú einungis í boði hérlandis með öfluga 184 hestafla dísilvél, þó bæði aflminni dísilvél og bensínvélar séu einnig framleiddar í bílinn. Þessi bíll er boðinn á innan við 6,5 milljónir króna og er því álitlegur kostur í framboði á jepplingum.

Mikið afl en lítil eyðsla

Chevrolet Captiva var reyndur af bílblaði Fréttablaðsins um daginn og var honum ekið ríflega, bæði innanbæjar sem og í langri ferð norður í land, samtals yfir 500 kílómetra. Hann sýndi á sér sínar bestu hliðar við aksturinn, og sérlega ánægjulegt var að sjá að eftir að komið var norður á Akureyri og 500 km akstur að baki var eldsneytistankur bílsins aðeins hálfur. Þó hafði bílnum ekki verið hlíft og öll hestöfl hans oft kölluð til. Bíllinn er gefinn upp með 7,9 lítra eyðslu en hann fór niður fyrir það, enda megnið af kílómetrunum í lang-

keyrslu. Ekki veitti af góðu rými með bílinn vel fullan af farþegum og farangri og kom 769 lítra flutningsrými hans í góðar þarfir. Captiva telst nefnilega með stærri gerð jepplinga og vel getur farið um allt að fimm farþega, en tvö aukasæti er einnig að finna aftur í farangursrýminu, en þau eru helst hentug fyrir börn, nema kannski á styttri leiðum. Aðeins tekur fáeinir sekúndur að reisa þau upp og þau falla flöt ef þau eru ekki í notkun. Einnig kom ágætt hljóðkerfi bílsins í góðar þarfir og kælihlíf fyrir svaladrykki í hanskahólfi. Það er kannski ágætt dæmi um hve ágætlega bíllinn er búinn staðalbúnaði, en sú gerð sem eingöngu er til sölu hérlandis er mun betur búin en ódýrasta gerð bílsins sem framleidd er. Svo má gera bílinn enn flottari með LTZ-gerð hans og þá er hann með leðursætum, 18 tommu álfelgum, rafdrifið bílstjórásæti, lykjalaust aðgengi, sóllúgu og miklu fleira góðgæti. Þannig búinn kostar Captiva 7,2 milljónir.

Stífari fjöðrun en samt mjúk

Akstur Captiva er lipur í borgarumferðinni þó finna megi betri akstursbíla í flokki jepplinga, flesta þó mun dýrari. Hann er næstum jafn lipur í snúningi innanbæjar og fólksbílar og gott útsýni úr bílnum hjálpar enn til. Í akstri utanbæjar er bíllinn ferlega ljúfur og gott afl hans hendir honum upp brattar brekkurnar án þess að hann þurfi að skipta niður og aflið kemur sér einnig vel við röskan framúrakstur. Sjálfskiptingun mætti vera fljóttari í skiptingum, en það hjálpar henni hversu öflug vélin er og því ber minna á þessum ókosti. Fjöðrunin hefur stífnað frá síðustu árgerð bílsins og er það vel og fyrir vikið hallar hann sér ekki mikið í beygjum. Stýring er

létt, jafnvel of létt og tilfinning fyrir vegi er meiri í sumum af keppinautum hans. Á móti kemur að tiltölulega mjúk fjöðrunin fer vel með farþega og stilling fjöðrunar er ávallt málamiðlun og Chevrolet menn hafa greinileg ákveðið að hafa hana enn þá í mýkri kantinum á kostnað aksturshæfninnar. Mörgum mun líka það mjög vel. Besta aðferðin við að prófa sæti bíla er ávallt í lengri akstri og stóðst Captiva það próf með sóma og átti það líka við aftursætisfarþega. Innrétting bílsins er bara nokkuð lagleg en efnisnotkun víða af ódýrari gerðinni og plast áberandi. Upplýsingaskjáriinn á miðju mælaborðinu er góður og setur laglegan svip á það.

Vel búinn bíll

Chevrolet Captiva hefur fengið fimm stjörnur í árekstarprófunum, upp um eina frá síðustu gerð. Meðal öryggisbúnaðar eru loftpúðar að framan, til hliðar og í burðarbitum, stöðugleikastýring, spólvörn, brekkuaðstoð, ISOFIX-festingar í aftursætum og fleira. Captiva er með fimm ára ábyrgð og hjálpar það vel í endursöluverði bílsins. Sérstaklega verður að hrósa Captiva fyrir mörg og vel staðsett hólffyrir drykki. Þá hjálpar aðráttar- og veltistýri bílstjóra að finna bestu akstursstillingu. Snotur smáatriði í staðalbúnaði eins og hiti í speglum og rúðupurrku, hólffyrir sölgeraugu, aðfellanlegir og rafdrifnir hliðarspeglar, áttaviti, tölvustýrt tveggja svæða loftkæling/hitun, Bluetooth-búnaður fyrir síma, Homelink-öryggislysing, regnskynjari og opnanleg rúða í afturhlera, svo eitthvað sé nefnt, kemur skemmtilega á óvart og gerir Captiva að eigulegum bíl. Þeir sem eru í kaughugleiðingum á jepplingi gera rétt í því að skoða þann álitlega kost sem Captiva er.

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bilum

Porsche á Íslandi • Bílabúð Benna
Vagnhófa 23 • 110 Reykjavík
Sími: 590 2000 • www.benni.is

Opíð virka daga frá 09:00 til 18:00
Lokað á laugardögum í júlí

BÍLAR
www.visir.is/bilar

Umsjón blaðsins
Finnur Thorlacius
finnurth@365.is

Útgáfufélag
365 miðlar ehf.
Skaftahlíð 24,
105 Reykjavík,
sími 512 5000

Auglýsingar
Sverrir Birgir Sverrisson
sverrirbirgir@365.is
Sími 5125432

Hönnun
Silja Ástþórsdóttir
siljaa@frettabladid.is





Laglegar og mjúkar línur einkenna bílinn.



Captiva er í stærri gerðinni af jeplingum.



Ágæt stjórnþæki og mælur en efnisnotkun í ódýrari kantinum.



Chevrolet Captiva fæst með þremur sætaröðum.

CHEVROLET CAPTIVA

2,2 L DÍSILVÉL
184 HESTÖFL
 Fjór hjóladríf
Eyðsla: 7,9 L/100 km í bl. akstri
Mengun: 203 g/km CO₂
Hröðun: 10,1 sek.
Hámarkshraði: 191 km/klst.
Verð: 6.490.000 kr.
Umboð: Bílabúð Benna



- Mikill staðalbúnaður
- Gott afl
- Verð



- Efnisnotkun í innréttingum
- Akstursgeta

Gott úrval af notuðum bílum



Chevrolet Lacetti Station
 Skr. 05.2005
 Ekinn 112.000 km
 Bensín, sjálfskiptur
 Verð kr. 850.000



Suzuki Swift GL 4x4
 Skr. 06.2011
 Ekinn 40.000 km
 Bensín, beinsk.
 Verð kr. 2.170.000



Toyota Corolla Sol
 Skr. 05.2007
 Ekinn 110.000 km
 Bensín, sjálfskiptur
 Verð kr. 1.990.000



Suzuki Grand Vitara Sport
 Skr. 06.2009
 Ekinn 59.000 km
 Diesel, beinsk.
 Verð kr. 3.250.000



Suzuki SX4
 Skr. 12.2009
 Ekinn 52.000 km
 Bensín, beinsk
 Verð kr. 2.370.000



Suzuki Grand Vitara Premium
 Skr. 09.2009
 Ekinn 58.000 km
 Bensín, beinsk.
 Verð kr. 3.370.000



Suzuki Swift GL
 Skr. 06.2011
 Ekinn 41.000 km
 Bensín, beinsk
 Verð kr. 2.150.000



Ford Escape Limited
 Skr. 06.2008
 Ekinn 70.000 km
 Bensín, sjálfskiptur
 Verð kr. 2.690.000



Suzuki Grand Vitara Sport
 Skr. 06.2008
 Ekinn 100.000 km
 Bensín, beinsk.
 Verð kr. 2.450.000



Suzuki bílar hf • Skeifan 17 • 108 Reykjavík • Sími 568 5100 • www.suzuki.is

Komdu og skoðaðu úrvalið

BL fær gæðavottun fyrir sölu Nissan LEAF

Nú er afstaðið sextán vikna undirbúningsferli hjá bílumboðinu BL fyrir sölu og þjónustu á rafbílum Nissan Leaf með ýtarlegri lokaúttekt á aðstöðu og þjálfun starfsfólks. „Nissan gerir miklar kröfur til sölu og þjónustuaðila Nissan Leaf og undirbúningsferlið undanfarnar sextán vikur hefur verið bæði strangt og lærdómsríkt,“ segir Skúli Skúlason, framkvæmdastjóri hjá BL. „Undirbúningur fyrir sölu bílanna er á margan hátt frábrugðinn því sem við eigum að venjast þegar um hefðbundna bíla er að ræða og því margt nýtt sem við þurfum að tileinka okkur. Sérstök áhersla hefur verið lögð á að undirbúa þjónustudeildir. Við höfum þurft að fjár-

festa umtalsvert í tækjabúnaði og aðstöðu til viðgerða á rafbílum og starfsfólk okkar hefur gengið í gengum námskeið og próf fyrir það sem koma skal.“ Samkvæmt opinberum mælingum keyra bíleigendur í þéttbýli u.þ.b. 44 km á dag. Drægni Nissan Leaf er a.m.k. 140 km á hleðslunni og því ætti þessi nýjung að henta vel þeim sem búa á Stór-Reykjavíkursvæðinu. Með heimahleðslustöð er hægt að hlaða rafgeyma bílsins á innan við fjórum tímum. Þrátt fyrir að formleg kynning á Nissan Leaf verði ekki fyrr en í ágúst var fyrsti Leaf-rafbílinn afhentur áhugasömum kaupanda í sömu viku og úttektinni lauk og leyfið fékkst frá Nissan.



Jaguar vill auka söluna með smábílum.

Jaguar með nýja smábíla aðeins úr áli

Uppi er hugmyndir hjá breska bílasmiðnum Jaguar að bjóða upp á smærri bíla en fyrirtækið hefur áður framleitt og að þeir verði með yfirbyggingu eingöngu úr áli. Um yrði að ræða bíl á stærð við BMW 3 og Mercedes Benz C-Class, jeppling á stærð við Range Rover Evoque og langbak af minni gerðinni. Þessir bílar yrðu líklega smíðaðir í verksmiðjum Land Rover, en Jaguar og Land Rover eru eitt og sama fyrirtækið. Jaguar selur um helmingi færri bíla en Land Rover og hefur Jaguar uppi áætlanir um að nálgast Land Rover í sölu með þessum nýju bílum. Jaguar Land Rover hefur gert risasamning um kaup á áli við einn af stærstu álframleiðendum heims í Sáði-Arabíu. Jaguar Land Rover ætlar að verja 515 milljörðum króna á ári á næstu fjórum árum við þróun nýrra bíla og nýrra verksmiðja. Það eru ekki litlir peningar, svo eðlilegt má teljast að fyrirtækið sé nú að huga að nýjum gerðum fyrir nýja markhópa. Sala Jaguar Land Rover á fyrsta helmingi ársins var 14% meiri en í fyrra og má því segja að gengi fyrirtækisins sé með besta móti, sem alls ekki á við flesta bílaframleiðendur í Evrópu. Verulega góða sala í Kína á mestan þátt í þessari aukningu. Jaguar mun láta uppi áætlanir sínar á bílasýningunni í Frankfurt í september og vonandi mun fyrirtækið sýna þar hugmyndir að þessum þremur nýju bílum.



BMW i3 gengur aðeins fyrir rafmagni.

Þýskar bílasölur mótmæla netsölu BMW á i3

Það er ekki bara Tesla sem situr undir ámæli fyrir áætlanir um að selja bíla sína beint frá verksmiðjum sínum gegnum netið og með því sniðganga hefðbundnar bílasölur. BMW hefur uppi sams konar áform um sinn nýja rafmagnsbíl, BMW i3, og bílasölur sem selja BMW-bíla í Þýskalandi eru ekki sérlega hrifnar af áformum BMW. Til heilmikilla mótmæla þeirra hefur komið og óttast bílasalarnir að þessi hugmynd BMW sé aðeins undanfari þess að öll sala fyrirtækisins muni færast á netið. Forsvarsmáður einnar bílasöluunnar hefur gengið svo langt að hóta því að hætta sölu allra BMW-bíla í Þýskalandi ef þessi áform fyrirtækisins ganga eftir.



www.krokur.net
522 4600

Taktu Krók á leiðarenda

Krókur hf. er fyrirtæki sem að hefur sérhæft sig í flutningum og björgun ökutækja. Félagið rekur einnig þjónustumiðstöð fyrir tjónaökutæki þar sem veitt er ahlíða þjónusta í meðhöndlun tjónabifreiða og annarra bifreiða samkvæmt óskum viðskiptavina.

Krókur býður m.a. uppá:

- Starfsmenn sem eru þjálfaðir og reyndir í bíla- og tækjaflutningum
- 24 stunda þjónustu allt árið um kring
- björgunarþjónustu og aðstoð ef bílar bíla eða flytja þarf þá á verkstæði



KRÓKUR
á þinni leið

Suðurláun 3, 210 Garðabær